

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

41. fundur.

að Hlíðavegi 6, 1.7. 2004, kl. 16:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningar Skútustaðahrepps 2003. Síðari umræða.
3. Bréf Húsavíkurbæjar um hvalaskoðun og hvalveiðar í vísindaskyni.
4. Kaup á hlutafé í Baðfélagi Mývatnssveitar.

Til kynningar: Drög að matsáætlun umhverfismats vegna Dettifossvegar.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Ársreikningar Skútustaðahrepps 2003. Síðari umræða.

Ársreikningur Skútustaðahrepps og stofnana hans 2003 liggur frammi til síðari umræðu.

Kjörnir skoðunarmenn ársreikninga hafa fjallað um reikninginn og ritað sveitarstjórn eftirfarandi bréf:

Mývatnssveit, 1. júlí 2004.

Efni: Athugasemdir kjörinna skoðunarmanna vegna ársreikninga 2003.

Enn á ný gerum við undirritaðir athugasemdir við óinnheimtar kröfur vegna sölu á heitu vatni á liðnum árum. Óviðunandi er að ársreikningar séu gerðir upp ár eftir ár án þess að niðurstaða liggja fyrir í þessu máli.

Það er ekki ásættanlegt fyrir íbúa sveitarfélagsins að slíkar upphæðir standi út af við frágang ársreikninga ár eftir ár.

Að öðru leyti leggjum við kjörnir skoðunarmenn ársreikninga Skútustaðahrepps til að ársreikningar verði samþykktir.

Gísli Árnason

Ellert Rúnar Finnbogason

Samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi sveitarfélagsins var rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 19,3 millj. kr., Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 180,2 millj. kr. Rekstrargjöld án afskrifta námu 186,9 millj. kr., en afskriftir námu 13,8 millj. kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir sveitarfélagsins bókfærðar á 376,2 millj. kr., þar af eru veltufjármunir 52,5 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 73,2 millj. kr., þar af eru skammtímaskuldir 26,4 millj. kr. Veltufjárhlutfallið er 1,99 í árslok. Bókfært eigið fé er jákvætt um 303 millj. kr. í árslok.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins á árinu námu 110.1 milljón en starfsmannafjöldi svaraði til 34 stöðugilda. Íbúafjöldi 1. desember 2003 var 440 og hafði fækkað um 13 frá fyrra ári.

Nokkrar umræður urðu um reikninginn sem síðan var samþykktur samhljóða með fimm atkvæðum

3. Bréf Húsavíkurbæjar um hvalaskoðun og hvalveiðar í vísindaskyni.

Fyrir liggur erindi bæjarráðs Húsavíkur þar sem grein er gerð fyrir áhyggjum bæjarráðsins af málefnum hvalaskoðunar vegna vísindaveiða á hvölum. Í erindinu er óskað eftir að sveitarstjórn Skútustaðahrepps, eftir því sem hún telur tilefni til, taki afstöðu til varnar þeim atvinnuhagsmunum sem að mati bæjarráðs Húsavíkur eru í húfi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur undir að mikið er í húfi og hvetur hlutaðeigandi til þess að finna sameiginlega lausn þar sem mið verði tekið af ólíkum sjónarmiðum og hagsmunum svo allir geti við unað.

4. Kaup á hlutafé í Baðfélagi Mývatnssveitar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir samhljóða að kaupa hlutafé í Baðfélagi Mývatnssveitar að upphæð kr. 5 milljónum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.